

Ed.

410. Nefndarálit

um frv. til laga um friðun Þingvalla.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefir kynt sjer mál þetta eftir fõngum, sõmuleiðis staðhætti eftir því, sem hægt var að sjá á kortum herforingjaráðsins; nefndin var sammála um friðun staðarins, en gat ekki orðið sammála að öðru leyti, einkum í því, að meiri hluti vildi gera sem minst í bráðina, en minni hl. áleit, að enginn skaði eða jafnvel nauðsyn væri á því, að byrja á undirbúningi til friðunar strax og ná inn með aðgangseyri nokkru af þeim kostnaði, sem óhjákvæmilegur væri til þess að undirbúa þennan stað til væntanlegs hátíðahalds 1930; einnig hafði fornmenjavörður, Matthías Þórðarson, lagt fyrir stjórnarráðið ákveðnar tillögur um ýmsar ráðstafanir, sem nauðsynlegar væru til þess, að hægt væri að koma í framkvæmd verndun staðarins, og lagði hann fram frv. til laga fyrir nefndina í þessu skyni. Er aðalefni þess að sameina Brúsastaða- og Þingvallaland og taka undan þeirri jörð landræmu þá, sem liggur austan Almannagjár og henni tilheyrir, banna ábúanda Þingvalla afnot af mestum hluta Þingvallalands, eða landsins milli landamerkja Brúsastaða og Hrafnagjár, Þingvallavatns og línu milli Ármannsfells og Hrafnabjarga, og gera það að friðlýstum almenningi; enn fremur banna Þingvallapresti að vera á Þingvöllum; annars sjest álit og tillögur fornmenjavardar best í brjefi, er hann hefir ritað stjórnarráðinu 18. mars síðastl. og nefndin hefir haft til athugunar.

Einn kafli úr því skal tilfærður hjer:

»Fyrir því vil jeg leyfa mjer að mæla eindregið með því, að við næstu veitingu Þingvallabrauðs verði sú breyting gerð á, að tekin verði undan öllum afnotarjetti prestsins framvegis það svæði af Þingvallalandi, sem liggur milli Almannagjár og Hrafnagjár, Þingvallavatns og nánar ákveðinnar línu milli Ármannsfells og Hrafnabjarga, og enn fremur skal prestinum því óheimilt eftirleiðis að leigja eða leyfa nokkra ábúð á hjáleigunum Hrauntúni og Svartagili, eða mannavist í þeim bæjum; og skal hið sama gilda allar hinar aðrar hjáleigur staðarins, þegar þær losna úr þeirri ábúð, sem þær eru í nú«.

Þessar tillögur hefir minni hl. nefndarinnar viljað taka til greina, með því að hann fellst á þær, og það eru þær einu ákveðnu tillögur, sem minni hl. er kunnugt um, að komið hafi skjállega fram í málinu. Brtt. þær, sem minni hl. því flytur við frv., eru sniðnar eftir frv. því, sem áður er nefnt, og tillögum þeim, sem koma fram í nefndu brjefi og ekki eru reglugerðaratriði, en að öðru leyti er frv. þannig breytt, að landsstjórnin, í samráði við Þingvallanefndina, hefir frjálsgar hendur að skipa fyrir um alt annað nauðsynlegt til verndar hins fornhelga staðar og til þess að prýða hann og laga, og þar að auki nokkurt fje til umráða, án þess að leita til Alþingis með fjárveitingu.

Minni hl. hefir ekki getað sjeð, að það væri neitt athugavert að selja aðgang að Þingvöllum, enda ekki gert ráð fyrir að gjaldið yrði svo hátt ákveðið, að nokkurn einstakan mann munaði um það eða það út af fyrir sig bægði fólki frá staðnum.

Að öðru leyti mun verða gerð grein fyrir öðrum breytingartillögum í framsögu, að því leyti sem þær eru ekki skýrðar áður.

Minni hl. leggur því til, að frv. verði samþykkt með þessum

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Í stað orðanna »að Meyjarsæti« komi: að nánar ákveðinni línu milli Ármannsfells og Hrafnabjarga.
2. Við 2. gr. Í stað orðanna »forseti Búnaðarfélags« komi: búnaðarmálastjóri.
3. Við 3. gr. Eftir orðinu »Alþingis« komi: og hefir hún landsdrottins vald yfir hinu friðlýsta svæði.
4. Við 4. og 5. gr. Í stað þessara greina komi ný grein, svo hljóðandi:
Nefndin ræður umsjónarmann og setur honum erindisbrjef. Jafnframt heimilast nefndinni að selja aðgang að hinu friðlýsta svæði, sbr. 3. gr., og skal verja tekjunum til þess að vernda staðinn.
5. Ný grein, sem verður 5. gr.
Þingvallaprestur skal óheimilt að hafa búsnýttjar af hinu friðlýsta svæði, nema Þingvallatúni, en fær í þess stað Brúsastaði til afnota. Enn fremur má presturinn ekki eftirleiðis leigja hjáleiguna Svartagil, nema með leyfi nefndarinnar.
6. Við 6. gr. Greinin orðist svo:
Nefndin semur reglugerð um verndun Þingvalla, sem ríkisstjórnin samþykkir og byggð er á lögum þessum. Skal í henni setja nánari ákvæði um aðgangseyri, umferð, umgengni aðkomumanna o. fl.

Alþingi, 17. apríl 1923.

Guðm. Guðfinnsson.